

Erindi íbúa í hverfinu, dags. 9. maí 2023, um Barnalund og Útikennslustofuna

Sæl Kristjana

Ég er með hugmyndir sem mig langar að koma á framfæri varðandi Barnalundinum og útikennslustofunni okkar.

Barnalundurinn:

Við höfum fengið nokkrar plöntur á hverju ári, síðan lundurinn var fyrst vígður, til að gróðursetja með leikskólabörnunum og börnunum í 1. bekk að vori. Sumar hafa dafnað ágætlega og það er að koma svolítill rækt í svæðið þó það gerist hægt.

Aðgengi að lundinum er ekki gott, bara vegöxlin sem fólk þarf að klöngrast niður. Ekkert afmarkað aðgengi svo fólk sér ekki í fljótu bragði hvar ætlast er til að gengið sé inn í lundinn. Það gerir það að verkum að lundurinn er ekki sá stoppistaður sem hann gæti orðið fyrir fólk á göngu sem vill tylla sér á bekkinn og njóta.

Kvenfélagið Esjan gaf bekk í lundinn sem nú er farinn að láta á sjá, þarf að skipta um setuna.

Lundurinn var hugmynd sem kom til framkvæmda í gegnum hverfiskosningu á sínum tíma. Gamla hverfaráðið sá um lundinn en síðan var ég beðin um að taka við verkefninu, þ.e. skólinn og leikskólinn.

Fyrir nokkru kom í ljós að lundurinn er ekki inni á skipulagi yfir opin svæði hér á Kjalarnesi. Ég kom ósk um að hann væri hluti af skipulaginu á framfæri við fulltrúa sem sjá um opin svæði en hef grun um að það hafi ekki verið gert.

Þetta svæði er ekki skilgreint sem gróðurbeð eða sláttursvæði í Borgarvefsjá og bekkurinn er ekki skráður sem slíkur.

Útikennslustofan:

Það sama má segja um útikennslustofuna. Hún virðist ekki vera á skipulaginu. Ég hef haft samband við starfsmennina í áhaldahúsinu sem hafa stundum slegið svæðið þó það sé ekki skilgreint sem slíkt á Borgarvefsjá.

Útikennslustofan var eitt af fyrstu verkefnum sem kom til framkvæmda í "hverfið mitt". Gróðursetning við svæðið mistókst í upphafi, plönturnar skemmdust og komust aldrei á legg. Í fyrri fengum við nokkrar plöntur sem voru gróðursettar þar sem upphaflega var áætlað að hafa tré samkvæmt teikningunni. En það þarf meira til að mynda skjól. Skjólveggurinn sjálfur er gerður úr trjádrumbum sem eru mjög fúnir, búið að skipta nokkrum út en þeir sem eftir stóðu eru mjög fúnir.

Aðgengið er svipað og í Barnalundinn, það þarf að klöngrast niður vegöxlina.

Í vetur voru mikil læti í Klébergglæknum sem flæddi yfir bakka sína og á tíma flæddi yfir svæðið við útikennslustofuna þó vatnið hafi ekki náð inn í hringinn var það komið hættulega nálægt.

Samantekt:

Er hægt að koma viðhaldi og endurbótum á þessum tveimur svæðum inn í viðhaldsáætlun Borgarinnar?

Væri hægt að hjálpa mér að koma þessum svæðum á kortið, í bókstaflegri merkingu, svo það þurfi ekki að biðja sérstaklega um slátt og viðhald í framtíðinni? Að þessi svæði verði hluti af opnum svæðum í Borgarlandinu.

Með fyrirfram þökkum!